

2. júlí

1. Kostnaður við amtsráðið (þaraf til forseta 500 kr.)	kr. 1100
2. 11. afborgun uppí vaxtagreiðslu af láni til Ölfusárbrúarinnar að hálfu samkvæmt lögum 6. nóvbr. 1902, um helmingsuppgjöf eptirstöðva af láni til brúargjörðar á Ölfusá	— 241 32
3. Kostnaður samkvæmt lögum 2. oktbr. 1891 um skipun dýralækna á Íslandi	— 200
4. Menntamál (kvennaskólinn í Rvík)	— 100
5. Gjald til búnaðarskólans á Hvanneyri 1905—1906, samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða	— 840
6. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri	— 4000
7. Ýmisleg gjöld	— 400
8. Eptirstöðvar	— 318 68
	<u>kr. 7200</u>

36. Amtsráðið ályktaði, að veita 25 kr. fyrir skriptir á amtsráðsfundinum. Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Suðuramtíð, Reykjavík, 2. júlí 1904.

J. Havsteen.

29. júní

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Vesturamtinu 6.—8. júní 1904.

Ár 1904, 6. dag júním., var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen ásamt amtsráðsmönnum Ásgeiri bónda Bjarnasyni í Knarrarnesi (úr Mýrasýslu), kaupmanni Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), sýslumanni Birni Bjarnarsyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), sjera Sigurði prófasti Jenssyni í Flatey (úr Austurbarðastrandarsýslu), sjera Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal (úr Vesturbarðastrandarsýslu), sjera Janusi prófasti Jónssyni í Holti (úr Vesturísafjarðarsýslu), sjera Sigurði Stefánsyni í Vigur (úr Norðurísafjarðarsýslu) og sjera Páli prófasti Ólafssyni í Vatnsfirði (úr Strandarsýslu).

Forseti lagði fram tilkynning sýslumannanna um kosning amtsráðsmanna í Mýrasýslu, Dalasýslu, Austurbarðastrandarsýslu og Vesturísafjarðarsýslu fyrir

tímabilið frá 1. júní 1904 til 31. maí 1910, í stað þeirra, sem úr ráðinu skyldu ganga, að endudum kjörtíma þeirra.

111
29. júní

Kosnir höfðu verið:

1. Fyrir Mýrasýslu:

Amtsrádsmaður Ásgeir bóndi Bjarnason á Knarrarnesi. Varaamtsrádsmaður, prófastur sjera Jóhann Þorsteinsson í Stafholti.

2. Fyrir Dalasýslu:

Amtsrádsmaður, sýslumaður Björn Bjarnarson á Saudafelli. Varaamtsrádsmaður, prófastur sjera Kjartan Helgason í Hvammi.

3. Fyrir Austurbarðastrandarsýslu:

Amtsrádsmaður, prófastur sjera Sigurður Jensson í Flatey. Varaamtsrádsmaður, hreppstjóri Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey.

4. Fyrir Vesturísafjarðarsýslu:

Amtsrádsmaður, prófastur sjera Janus Jónsson í Holti. Varaamtsrádsmaður Friðrik bóndi Bjarnason á Mýrum.

Ennfemur gat forseti þess, að kosning hefði framfarið á amtsráðsmanni í Vesturísafjarðarsýslu fyrir tímabilið frá því að amtsrádsmaðurinn þar, sjera Kristinn Danielsson, flutti burtu úr amtinu til 31. maí þ. á. Fyrir kosningu varð prófastur sjera Janus Jónsson í Holti, sem jafnframt var kosinn fyrir tíma-
bilið frá 1. júní 1904 til 31. maí 1910 eins og getið er að framan.

Amtsráðið fann ekkert við þessar kosningar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1903 og var hann falinn amtsráðsmönnunum úr Vesturbarðastrandar sýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði þarnæst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1903, og reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðsins fyrir sama ár og var hinn fyrnefndi reikningur fenginn amtsráðsmönnunum úr Strandasýslu og Dalasýslu til endurskoðunar, en hinn síðarnefndi amtsráðsmönnunum úr Mýrasýslu og Norðurísafjarðarsýslu.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir 1903 var fenginn amtsráðsmönnunum úr Vesturísafjarðarsýslu og Austurbarðastrandarsýslu til endurskoðunar.
4. Forseti skýrði frá, að inneign styrktarsjóðsins »Þorvaldarminnig« í Söfnunarsjóði Íslands væri orðin 4343 kr. 88 a.
5. Forseti skýrði frá árangrinum af fjársköðunum þeim, sem fram höfðu farið eptir fyrirskipun hans með ráði dýralæknis á síðastliðnu hausti og framan af vetrinum. Eptir þessum skýrslum höfðu fundizt alls 295 kindur (á 132 heimilum) á hinu svonefnda kláðagrunaða svæði.

Að því leyti, er snertir útrýming fjárkláðans samkvæmt lögum 13. nóvber. 1903, um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, sbr. Reglugjörð 28.

111
29. júní

desbr. 1904, skýrði forseti svo frá, að framkvæmdarstjórinn O. Myklestad væri kominn vestur að Hjeradsvötnunum í Skagafjarðarsýslu með útrýminguna og væri það ætlun hans, að taka Sudur- og Vesturömtin fyrir á komanda vetri, og byrja í Strandasýslu og Ísafjarðarsýslu. Forseti gat enn fremur þess, að Myklestad hefði gjört nú þegar nokkrar undirbúnigráðstafanir í Strandasýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Almennar fjárskoðanir hefðu verið fyrirskipaðar í Rangárvallasýslu, Vesturskaptfellssýslu og Vestmannaeyjasýslu á þessu vori. Í sumar yrðu gjörðar nauðsynlegar ráðstafanir til kaupa á nægilegu tóbaki til útrýmingarinnar (93100 pd.), og til útsendingar þess ásamt eirkötlum. Forseti skýrði svo frá, að farið væri eptir fjártölunni 1901, með 15% viðbót, og svo væri áætlað, að 2 pd. af tóbaki hrykkju þvinær á 7 kindur, en við tóbaksfordann eptir þessum mælikvarða yrði bætt 25%, ef tvíþaða þyrfti sumstaðar. Nú nýlega hefir orðið kláðavart í upphreppum Árnessýslu.

6. Forseti lagði fram skýrslu amtsdýralæknisins, dagsetta 8. febr. þ. á., um tilraunir hans með nýjum bráðapestarbóluefnum og um útbýting á bólu-efni, samskonar og notað hafði verið undanfarin ár handa hjerumbil 40000 fjár.

Forseti skýrði frá því, að dýralæknirinn hefði verið fjarverandi frá því fyrst í febr. þ. á. og fram í maí til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfje í Norður- og Austuramtinu, sbr. fjárlögin fyrir 1904—1905, 14. gr. B. 6.

7. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum þeim, sem amtsráðið hafði lagt í fyrra á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1902.

Útaf athugasemdinni, sem gjörð hafði verið við sýsluvegareikning Strandasýslu (sbr. Stjórnartíðindi 1903, B. bls. 185) lagði forseti fram brjef sýslumannsins, dagsett 15. oktbr. f. á., og brjef sitt, dagsett 13. nóvbr. f. á., eptir þessu brjefi var reikningurinn samþykktur með þeim fyrirmælum, að hrepparnir væru ekki látnir vinna upp gjöldin til sýsluveganna, heldur skyldu allar greiðslur á sýsluvegagjaldi og útborganir úr sýsluvegasjóði ganga gegnum hendur sýslunefndaroddivitans, hvort sem peningar væru notaðir, eða aðrir greiðslumátar. Sýslumaðurinn í Dalasýslu hafði fullnægt úrskurðum þeim, sem amtsráðið hafði lagt á athugasemdir endurskoðanda við sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1902, að því einu undanteknu, að sýslumaður hafði eigi sent forseta fullnægjandi skýrslu um vegagjörð á Skarðsströnd nefnt ár, eða fullnægt úrskurðinum á 1. gr. athugasemdanna við sýsluvegasjóðsreikninginn. — Þá var eptir enn að úrskurða 8. gr. athugasemdanna við sýslusjóðsreikning Dalasýslu fyrir 1901, um vantandi heimild fyrir 1159 kr. 18 a., sem greiddar höfðu verið úr sýslusjóðnum til Laxárbrúarinnar á árinu 1901. Á fundi sínum 25.—28. júlí f. á. frestaði amtsráðið að úrskurða þetta atriði, þangað til lægi fyrir lokareikningur um kostnaðinn við brúna, með tilheyrandi skilríkjum og úttektargjörð og lagði ráðið sýslumanni fyrir að semja

lokareikninginn, svo tímanlega, að hann væri kominn til endurskoðanda fyrir 1. febr. næstkomandi með sýslureikningunum. Sýslumaður hafði samt eigi sent endurskoðanda, Torfa skólustjóra Bjarnasyni í Ólafsdal, lokareikninginn, sem eigi kom í hans hendur fyren á sýslufundinum 23.—26. marz þ. á. Eptir gjörðabókarútskriftinni hefir hann lýst því yfir, að hann eigi fyndi ástæðu til að endurskoða reikninginn, fyren útkljáð væri um það, hvort greiða skyldi úr sýslusjóði áður áminnzta upphæð frá 1900, 1159 kr. 18 a. Sýslunefndin eða meiri hluti hennar fjellust svo á þessa skoðun og gengur svo ályktun hennar útá það, að eigi væri ástæða að sinni til þess að úrskurða þenna lokareikning. Hann liggur nú fyrir hjer óendurskoðaður, en hinir fyrri 2 reikningar yfir brúarkostnaðinn eru endurskoðaðir.

Það var þannig ómögulegt að úrskurða reikninginn enn, og skyldi því endursenda hann til þess að endurskoðun færi fram fyrir júlímánaðarlok og að hann yrði lagður aptur fyrir sýslunefndina á aukafundi, sem haldinn yrði um miðjan ágúst, með svörum sýslumanns; skyldi hann svo þegar sendur forseta amtsráðsins. Þareð sýslumaður hefir eigi fullnægt þeim úrskurði amtsráðsins frá fyrra ári, að semja og senda lokareikning Laxárbrúarinnar á tilteknum tíma, 1. febr., og auk þess hafa komið fram opinberlega nýjar kærur undirskrifadar af tveimur sýslunefndarmönnum í Dalasýslu, útaf reikningsfærslu sýslumannsins í þessu brúarmáli, þá skorar amtsráðið á forseta, að láta rannsaka allar framkvæmdir hans og reikningsfærslu í þessu brúarmáli. Að öðru leyti visast til úrskurðar amtsráðsins um hinar fyrri kærur, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 25.—28. júlí f. á. (Stjórnartíðindi 1903, B. bls. 206).

Að því leyti, er snertir úrskurðinn á 8. gr. athugasemdanna við sýslusjóðsreikninginn fyrir 1901 um optnefndar 1159 kr. 18 a., skírskotaði forseti til þess, sem hann hafði skýrt frá og tekið fram á aðalfundi amtsráðsins, 25.—28. júlí f. á., og lagði enn áherzlu á það, að alþingistíðindin 1899 B. 579—580 sýndu, að Laxárbrúargjörðin væri alveg á vegum sýslufjelagsins; hefði þingmaður Dalamanna, sem þá var sjera Jens Pálsson á Görðum, flutt inn á þingið beiðni um 1700 kr. styrk til brúargjörðar á Laxá og það með þessum ummælum: »Beiðni frá sýslunefnd Dalasýslu um styrk til þessarar brúar, ásamt fylgiskjölum, barst mjer fyrst í hendur undir 2. umræðu fjárlaganna, og var þegar lögð fram á lestrarsalnam o. s. frv.«, en Torfi Bjarnason og sjera Kjartan prófastur Helgason í Hvammi höfðu í brjefi til amtsins 18. júlí f. á., sagt, að alþingi hefði veitt alls 1700 kr. til Laxárbrúarinnar, *án þess að sýslunefndin hefði nokkurntíma um það beið.* Þeir hafa báðir síðar reynt til þess að rjettlæta sögusögn sína í brjefi til amtsins, dagsettu 7. nóvbr. f. á., sem var framlagt, og tekið fram, að það hefði orðið að sjást af sýslunefndargjörðunum frá 1900, hverjum skjátlaðist í þessu. Í gjörðabókarútskriftinni fyrir nefnt ár finnst ekki annað um Laxárbrúna, en að 1700 kr. veitast til hennar, sem einmitt sýnir, hver hafi á rjettu að standa.

111
29. júní

Þar sem því hefir verið haldið fram, að sýslunefndin ætlaðist til, að þeir 4 hreppar sýslunnar, sem mest hafa not af Laxárbrúnni, Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur og Laxárdalshreppur, og sem hafa lofað að kosta brúna að einhverju leyti, bæru þann kostnað, sem sýslusjóður og landssjóður eigi legðu fram, þá athugaði amtsráðið, að 230 kr. væru eptir lokareikningnum komnar upp í kostnaðinn, eða borgaðar af loforðsupphæðinni, sem nemur alls 549 kr.

Á lokareikningnum hefir sýslumaður skýrt svo frá, að von væri enn á 300 kr. frá Hörðudalshreppi og Haukadalshreppi. Amtsráðið athugaði, að enn stæðu óborgaðar 232 kr. 39 a. af brúarkostnaðinum, þótt þessi síðastnefnda upphæð kæmi inn.

Samkvæmt því, sem gjörzt hefir, snertandi Laxárbrúarreikninginn, varð amtsráðið að fresta enn að úrskurða fyrnefnda 8. gr. athugasemdanna við sýslusjóðsreikninginn fyrir 1901, en amtsráðið skipar svo fyrir, að þetta atriði verði tekið til umræðu og endilegrar ályktunar á fyrnefndum aukafundi sýslunefndarinnar, sem haldinn yrði um miðjan ágúst næstkomandi.

Forseti skýrði frá, að úrskurður amtsráðsins í sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningunum úr Mýrasýslu fyrir 1902 væri fullnægt. Úrskurði amtsráðsins á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningunum úr Norðurisafjarðarsýslu, um vangreitt sýslusjóðsgjald og sýsluvegagjald úr Grunnarvíkurhreppi, er fullnægt.

8. Forseti lagði fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1903 úr öllum sýslum amtsins; höfðu endurskoðendur í hjeradi endurskoðað þá, nema úr Vesturísafjarðarsýslu, en vegna fjarvistar endurskoðanda höfðu 3 sýslunefndarmenn rannsakað reikningana; forseti amtsráðsins hafði þar að auki yfirfarið alla reikningana.

Amtsráðið úrskurðaði þarnæst athugasemdir þær, sem endurskoðendur og forseti amtsráðsins höfðu gjört við suma af þeim.

9. Þá voru lögð fram og yfirfarin eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum allra sýslunefnda:

- A. úr Strandasýslu frá 25.—28. apríl 1904.
- B. úr Norðurisafjarðarsýslu frá 23.—26. marz þ. á.
- C. úr Vesturísafjarðarsýslu frá 16.—18. apríl þ. á.
- D. úr Vesturbarðastrandarsýslu frá 12.—16. apríl þ. á.
- E. úr Austurbarðastrandarsýslu frá 24.—26. marz þ. á.
- F. úr Dalasýslu frá 23.—26. marz þ. á.

Sú upphæð, sem sýslunefndin má jafna niður án samþykkis amtsráðsins, er 3162 kr. 84 a. og hefði því sýslunefndin átt að leita samþykkis amtsráðsins til þeirrar niðurjöfnunar, sem hún hefir ályktað og sem nemur 3259 kr. 25 a.

Amtsráðið leyfði eptir atvikum þessa niðurjöfnun, en væntir, að nefndin gæti þess eptirleiðis, sem tyrirmælt er í þessu tilliti í 43. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

G. úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 11.—12. apríl þ. á.

111

Forseti gat þess, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins, samþykkt þá á 29. júní lyktun sýslunefndarinnar 11. apríl þ. á., að taka 2000 kr. lán uppá sýslusjóð með svo vægum kjörum, sem kostur væri á, til þess að koma upp stórskipabryggju í Stykkishólmi, sbr. 14. gr. B. 14 í fjárlögunum fyrir 1904—1905.

Útaf því að amtsráðið hafði á fundi sínum 25.—28. júlí f. á. vísað frá sjer kæru frá sjera Helga Árnasyni í Ólafsvík yfir ærumeidandi orðum sýslunefndaroddivitans um hann á sýslunefndarfundi 23.—24. marz f. á., með þeirri athugasemd, að prestí væri innanhandar að höfða meiðyrðamál á móti oddvita sýslunefndarinnar, og að bókunin á ávitunum hans til prestsins hefði átt mjög illa við, hafði sýslunefndin nú lýst því yfir, að hún þykist mega ráða því ihlutunarlaust, hvernig hún hagar bókuninni á ályktunum sínum um fundarmál. Nefndin hefir heldur eigi búizt við því, eins og komizt er að orði í hinni fyrirleggjandi fundargjörð, að amtsráðið færi að gefa oddvitanum í Neshreppi innan Ennis, sjera Helga Árnasyni, undir fótinn um að fara í mál við yfirmann sinn, sýslunefndaroddivitann, út af því að hann hefði fundið að framkomu hreppsnefndaroddivitans.

Að því leyti, er snertir það atríði, að amtsráðið hafi gefið oddvita hreppsnefndarinnar undir fótinn með að fara í mál við yfirmann sinn, sýslunefndaroddivitann, þá hefir amtsráðið aldrei hvatt hreppsnefndaroddivitann til slíks, hvorki beinlínis nje óbeinlínis. Hvað bókunina snertir, hefir amtsráðið eptir gildandi lögum eptirlit með öllum gjörðum sýslunefnda, og álitur því fyrnefnda aðfinning sína rjettmæta.

H. úr Mýrasýslu frá 7.—8. apríl þ. á.

10. Framlagt var brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dagsett 11. maí þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Austurbarðastrandarsýslu og í hennar umboði leitar samþykkis amtsráðsins á þá ályktun hennar, að leggja skuli 300 kr. úr sýslusjóði í aðaldeild »Söfnunarsjóðs Íslands« og láta þær ávaxtast þar; allir vextir skyldu lagðir við höfuðstólinn, þangað til innstæðan væri orðin 2000 kr., en úr því mætti taka svo mikið af vöxtunum til noktunar árlega, sem sýslunefndin eða það stjórnarvald, sem kynni að vera komið í hennar stað, ákvæði, þó svo, að ávallt væri að minnsta kosti $\frac{1}{10}$ af ársvöxtunum lagður við höfuðstólinn.

Amtsráðið samþykkti þessa ályktun.

11. Framlagt var brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dagsett 10. maí þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar og í umboði hennar leitar samþykkis amtsráðsins til þess að taka hjá einhverjum sjóði 500 kr. lán, sem hún svo veiti Sigurmundi Loptssyni á Skriðsnesenni að láni til kaupa á skilvinduviðgjörðarverkfærum gegn veði í þessum verkfærum og gegn sjálfskuldarábyrgð tveggja manna, þannig að lánið endurborgist auk vaxa á 10 árum.

Amtsráðið samþykkti þessa ályktun.

- 111 12. Framlagt var brjef sýslumannsins í Dalasýslu, dagsett 11. apríl 1904, þar sem hann samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar á fundi hennar 23.—26. marz þ. á. sækir um leyfi amtsráðsins til þess að mega leggja 772 kr. 42 a. úr sýslusjóði til sýsluvegasjóðs á yfirstandandi ári.

Amtsráðið veitti hið umbeðna leyfi.

13. Þá var framlagt brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsett 25. apríl þ. á., þar sem hann í nafni sýslunefndarinnar í Mýrasýslu leitar samþykkis amtsráðsins til þess að ganga í ábyrgð fyrir láni, að upphæð 4000 kr., sem Jón verzlunarmaður Björnsson í Borgarnesi og Þorkell borgari Guðmundsson samastaðar ætla að taka til þess, að koma upp gistihúsi í Borgarnesi og er ábyrgðin bundin þeim skilyrðum, að lántakendurnir veðsetji sýslunefndinni húsið með 1. veðrjetti, haldi því váttryggðu fyrir 4000 kr. að minnsta kosti, og noti það til að taka á móti gestum eptir því, sem reynslan sýnir, að nauðsynl. væri.

Amtsráðið samþykkti þetta.

14. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um ástand styrktarsjóða handa alþýðufólki fyrir árið 1903 úr Strandasýslu, Dalasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Mýrasýslu. Úr hinum sýslunum voru slíkar skýrslur ókomnar enn, og kvaðst forseti hafa skrifað sýslumönnunum hjeradlútandi.

Amtsráðið fann ekki næga ástæðu til þess, að beitast fyrir því, að sú breyting yrði gjörð á alþýðustyrktarsjóðsákvæðunum, að úthlutun styrksins verði frestað með lögum þangað til að úthlutunarupphæð hvers sjóðs nemi að minnsta kosti 20 kr., eins og ein sýslunefnd hafði stungið uppá.

15. Framlagt var frumvarp til reglugjörðar um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og staðfesti amtsráðið það til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1904.
16. Sömuleiðis staðfesti amtsráðið framlagt frumvarp til fjallskilareglugjörðar fyrir Dalasýslu til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1904.
17. Framlagt var ágripsendurrit úr gjöriðabók sýslunefndarinnar í Strandasýslu viðvíkjandi fundarhaldi hennar 25.—28. apríl þ. á., sem sýnir, að sýslunefndin hefir ályktað að fella veginn yfir Trjekyllisheiði úr tölu sýsluvega, en aptur á móti skuli sýsluvegur talinn frá Skarði um Ásmundarnes og Bala til Kúvíkur. Í brjefi, dagsettu 10. maí þ. á., leggur sýslumaður í umboði sýslunefndarinnar þessa ályktun undir samþykki amtsráðsins, sem það og veitti.
18. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Mýrasýslu ákvað amtsráðið, að Norðurárdalshreppur einn skyldi eptirleiðis vera 6. yfirsetukvennaumdæmi Mýrasýslu, en Þverárhliðarhreppur leggjast til 4. umdæmisins, sem nú er Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
19. Reikningurinn yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins, búnaðarsjóðs og búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins og amtsbókasafnsins fyrir 1903 voru aptur framlagðir.

Við jafnaðarsjóðsreikninginn var gjörð sú athugasemd, að vantaldir væru

til útgjalda 60 a. á einum ferðakostnaðarreikningi (gjaldlið II f. g.) og verður **111**
 eptir því eign til næsta árs í peningum 110 kr. 19 a., en ekki 110 kr. 29. júní
 79 a.; með þessari athugasemd var reikningurinn samþykktur og hinir reikn-
 ingarnir án athugasemda.

20. Sem fulltrúar á búnaðarþing fyrir næstu 4 ár var endurkosinn amtmaður J. Havsteen og til 2 ára í stað sjera Kristins Danielssonar, sem var fluttur úr amtinu, amtsráðsmaður Ásgeir Bjarnason í Knararnesi.

Amtsráðið ályktaði að skora á stjórnarnefnd Búnaðarfjelagsins að hlutast til um þá lagabreyting, að fjelagið sjálft greiði utanbæjar fulltrúum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir allan þann tíma, er þeir væru fjarverandi frá heimilum sínum.

21. Amtsráðsmaðurinn úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu bar upp þá tillögu, að bókavörðurinn við amtsbókasafnið í Stykkishólmi fengi að launum 100 kr. árlega, að þessu ári meðtöldu, og veitti amtsráðið þessa launabækkun.
22. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1905.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	kr. 600,00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 3600,00	kr. 4200

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1300,00	
(hjeraf til forseta 300 kr.)		
2. Kostnaður samkvæmt 3. gr. laga 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi	— 100,00	
3. Amtsbókasafnið	— 400,00	
4. 9. afborgun uppí 12,000 kr. bankalán frá 14. nóv. 1896, kr. 600 — og leigur 30. sept. 1905 kr. 330	-- 930,00	
5. 5. afborgun uppí 5000 kr. bankalán frá 30. júlí 1900, 500 kr., leigur ³⁰ / ₁₀₀ 1905, 125 kr.	— 625,00	
6. Ýmislegt	— 100,00	
7. Eptirstöðvar	— 745,00	kr. 4200
23. Amtsráðið veitti fyrir skriptir á fundinum 25 kr.		

Fleiri mál komu ekki til umræðu, og var fundi slitið.

Vesturamtíð, Reykjavík 29. júní 1904.

J. Havsteen.